

## Minnisblað, 31 janúar 2013

**Til:** Fræðstjóra

**Afrit:**

**Frá:** Guðmundur Sverrisson, Guðmundur Ragnar Ólafsson og Jón Bergsveinsson

**Dags.:** 31.01.2013,

**Málsnúmer:** 1212079

**Efni:** Ræsting í grunnskólum

Eftirfarandi tillaga var lögð fram í bæjarstjórn 5 desember sl. sem var vísað til bæjarráðs sem fól fræðsluráði og fræðsluþjónustu í samráði við skólastjórnendur að kanna leiðir til að auka hagkvæmni í skólaræstingu.

*"Samningi um ræstingu í grunnskólum sagt upp*

*Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að segja upp samningum um ræstingu í grunnskólum bæjarins um næstu áramót. Uppsögnin tæki gildi 1. júlí 2013 og ræsting skólahúsnæðis í Hafnarfirði verði á verksviði skólaliða í grunnskólum Hafnarfjarðar frá þeim tíma. Þess í stað yrði starfshlutföllum skólaliða og í einhverjum tilvikum húsvarða og stuðningsfulltrúa fjölgað. Sparnaðurinn við þessar breytingar gæti numið um 100 milljónum króna á ársgrundvelli.*

*Greinargerð:*

*Áætlaður kostnaður vegna ræstinga í grunnskólum Hafnarfjarðar er áætlaður rösklega 130 milljónir króna vegna ársins 2013. Þennan kostnað má spara að verulegu leyti með því að fela skólaliðum ræstingu í grunnskólunum en m.a. á Akureyri, í Garðabæ og í Kópavogi er slíkt fyrirkomulag á ræstingu í skólunum.*

*Þetta er samhljóma mati skýrsluhöfundar um rekstur og tillögur á fræðslusviði sem gerð var árið 2010 fyrir fræðsluráð Hafnarfjarðar.*

*Fyrir árið 2013 má áætla að þessi breyting geti leitt til sparnaðar upp á 45-55 milljónir króna en á ársgrundvelli um 100 milljónir króna og það þótt gert sé ráð fyrir að starfsmönnum verði fjölgað í skólunum eins og að framan greinir."*

*Valdimar Svavarsson (sign), Rósa Guðbjartsdóttir (sign), Kristinn Andersen (sign),*

*Geir Jónsson (sign) og Helga Ingólfssdóttir (sign).*

Fyrirkomulag ræstingar í grunnskólum Hafnarfjarðar hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Ræsting hefur verið boðin út í öllum grunnskólum og skólunum veitt heimild til að ráða ákveðin fjölda skólaliða þ.e stöðugildi á ársgrundvelli. Skólaliðar eru því ráðnir í minna starfshlutfall og eru fleiri en úthlutað stöðugildi. Eins og sjá má í töflu 1 er áætlaður kostnaður vegna þessa 219.190 þ.kr. fyrir árið 2013.

**Tafla 1**

Útfærsla í dag (í þús.kr.)	Lækjar	Öldutún	Setberg	Ásland	Hvaleyri	Hraunv	Samtals
Stöðugildi skólaliða	4,85	6,13	5,05	5,97	5,2	7,05	34,3
Laun skólaliða**	16.372	20.693	17.047	20.152	17.553	23.798	115.615
Aðkeypt ræsting 2013	13.495	16.741	17.565	22.446***	12.972	20.356	103.575
	29.867	37.434	34.612	42.598	30.525	44.154	<b>219.190</b>

\*Víðistaðaskóli er ekki með í þessum samanburði þar sem hann er á 2. Starfsstöðum og leikskóli í Engidal.

\*\* Forsendur launaútreiknings má sjá í viðauka.

\*\*\* Kostnaður við ræstingur er skv. samningi við FM-hús

Tillögur sem lagðar voru fram í skýrslu Haraldar Líndal Haraldssonar frá árinu 2010 og vísað í í greinargerð gera ráð fyrir því að skólaliðar séu ráðnir í ræstingu til viðbótar við störf skólaliða. Tillögurnar gera ráð fyrir að nota úthlutunarreglu frá Kópavogsbæ og fyrir hverja 110 nemendur er einn skólaliði og síðan 1 skólaliði fyrir hverja 1.100 m<sup>2</sup>. Í töflu 2 er úthlutað til skólanna skv. þessari reglu og launakostnaður reiknaður með sömu forsendum og í töflu 1. Hráfniskostnaður er áætlaður 3% af heildarupphæð og annar kostnaður 0,5% af heildar upphæð. Gert ráð fyrir að gólf séu bónuð og bónleyst sem er kostnaður sem þarf að kaupa að. Samtals kostnaður er þá áætlaður 247,6 m.kr.

Annar kostnaður er áætlaður 0,5% af launafjárhæð og má áætla að sú fjárhæð sé vanmetin. Ekki er reiknað með kostnaði vegna langtímaveikinda starfsmanna, gluggaþvotti sem þarfnast tækjanotkunar, kostnaði í launadeild og fjárreiðudeild vegna aukinna umsvifa ofl.

Tafla 2

Útfærsla HLH (þús.kr.)	Lækjar	Öldutún	Setberg	Ásland	Hvaleyri	Hraunv	Samtals
<i>Gerir ráð fyrir 1 stg. á 110 nemendur og 1.100 fm<sup>2</sup></i>							
Stg. skv. HLH	10,1	10,9	9,6	10,4	9,7	13,5	<b>64,3</b>
Launakostnaður	34.210	36.819	32.320	35.174	32.725	45.669	<b>216.918</b>
Hráefni	855	920	808	879	818	1.142	<b>5.423</b>
Bón og bónleysing (á fm.)	3.947	4.121	3.883	3.697	3.920	4.591	<b>24.160</b>
Annar kostnaður	171	184	162	176	164	228	<b>1.085</b>
	<b>39.184</b>	<b>42.044</b>	<b>37.173</b>	<b>39.926</b>	<b>37.627</b>	<b>51.630</b>	<b>247.585</b>

Á síðustu árum hefur verið unnið mikið starf í hagræðingu, bæði vegna ræstingar og störfum skólaliða. Samanburður á þessum tveimur leiðum sýnir að útboðsleiðin er ekki dýrari kostur. Verkefnið gengur vel og er í stöðugri þróun, teljum við því ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi ræstingar að svo stöddu.

31. janúar.2013

Guðmundur Sverrisson

Guðmundur Ragnar Ólafsson

Jón Bergsveinsson

# Viðauki - Útreikningur

Aðkeypt ræsting eður ei

		Lækjar	Öldutún	Setberg	Ásland	Hvaleyri	Hraunv	Samtals	Viðistaða	Engidals
<b>Forsendur og uppl.</b>										
Nemendur		457	513	406	530	413	723		552	114
Fm2		6.578	6.868	6.472	6.162	6.534	7.652		7.932	4.038
Vinnulaun ræstingar 2010	18%		26.396.900	26.049.882						
<b>Útfærsla í dag (þús.kr.)</b>										
Stöðugildi skólaliða		4,85	6,13	5,05	5,97	5,2	7,05	<b>34,3</b>	7,47	
Laun skólaliða	12	16.372	20.693	17.047	20.152	17.553	23.798	<b>115.615</b>	25.216	0
Aðkeypt ræsting 2013		13.495	16.741	17.565	22.446	12.972	20.356	<b>103.575</b>	15.668	10.781
		<b>29.867</b>	<b>37.434</b>	<b>34.612</b>	<b>42.598</b>	<b>30.525</b>	<b>44.154</b>	<b>219.190</b>	<b>40.884</b>	<b>10.781</b>
<b>Útfærsla HLH (þús.kr.)</b>										
<i>Gerir ráð fyrir 1 stg. á 110 nemendur og 1.100 fm2</i>										
Stg. skv. HLH		10,1	10,9	9,6	10,4	9,7	13,5	<b>64,3</b>	12,2	4,7
Launakostnaður	12	34.210	36.819	32.320	35.174	32.725	45.669	<b>216.918</b>	41.281	15.890
Hráefni	3%	855	920	808	879	818	1.142	<b>5.423</b>	1.032	397
Bón og bónleysing (á fm.	600	3.947	4.121	3.883	3.697	3.920	4.591	<b>24.160</b>	4.759	2.423
Annar kostnaður	0,5%	171	184	162	176	164	228	<b>1.085</b>	206	79
		<b>39.184</b>	<b>42.044</b>	<b>37.173</b>	<b>39.926</b>	<b>37.627</b>	<b>51.630</b>	<b>247.585</b>	<b>47.278</b>	<b>18.789</b>
								<b>Mismunur: 28.395</b>		

Mánaðarlaun	228.701
Yfirvinna	2.375
Fjöldi yfirvinnutíma	0
	0
<b>Samtals laun</b>	<b>228.701</b>
Launategd gjöld (23%)	52.601
<b>Samtals laun og lt.gj.</b>	<b>281.302</b>